



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði þriðjudaginn 15. júlí 2014.

Fundur hefst kl. 13⁰⁰ í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 374. fundur sveitarstjórnar, 9. fundur ársins 2014.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 5 blaðsíður.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Sveitarstjórn lýsir áhyggjum sínum vegna fyrirætlana Íslandspóst vegna skertrar þjónustu með tilfærslu á póstkössum í dreifbýli í Skaftárhreppi.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Drög að samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.
Fyrir fundinum liggja drög að samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.
Eva leggur fram breytingatillögur að samþykktum.
Sveitarstjóra falið að uppfæra lagatilvísanir og aðrar greinar í samræmi við lagasetningar.
Vísad til seinni umræðu.
2. Staðfesting og undirritun siðareglna kjörinna fulltrúa Skaftárhrepps.
Fyrir fundinum liggja drög að siðareglum kjörinna fulltrúa Skaftárhrepps.
Eva leggur fram breytingatillögu við siðareglurnar.
Tillagan samþykkt.
Vísad til seinni umræðu.
3. Endurskoðun erindisbréfa fastanefnda Skaftárhrepps.
Fyrir fundinum liggja drög að erindisbréfum fastanefnda Skaftárhrepps.
Sveitarstjóra falið að uppfæra lagatilvísanir í erindisbréfunum. Sveitarstjóra einnig falið í samvinnu við hjúkrunarforstjóra og sveitarstjórn að útbúa erindisbréf fyrir rekstrarnefnd Klausturhóla.
Vísad til umræðu í hverri nefnd fyrir sig til umsagnar.
4. Drög að starfsmannastefnu Skaftárhrepps.
Fyrir fundinum liggja drög að starfsmannastefnu Skaftárhrepps.
Vísad til umsagnar hjá nefndum og forstöðumönnum stofnanasveitarfélagsins til yfirferðar.
5. Staðfesting ráðningarsamnings sveitarstjóra.
Fyrir liggur ráðningarsamningur við Eygló Kristjánsdóttur sveitarstjóra.
Samningurinn hljóðar upp á 770.000 króna mánaðalaun. Ferðakostnaður skal greiddur samkvæmt akstursdagbók og samkvæmt reglum Ferðakostnaðarnefndar Ríkisins. Komi ekki til



endurráðningar sveitarstjóra við upphaf næsta kjörtímabils greiðast honum biðlaun í fjóra mánuði eftir að fráfarandi sveitarstjórn lætur af störfum. Sveitarstjóri skuldbindur sig þó til að vinna allt að tvo mánuði af biðlaunatímanum án sérstakra greiðslna, eftir að ný sveitarstjórn tekur við, óski hún þess.

Samningurinn samþykktur samhljóða, staðfestur og undirritaður.

6. Beiðni um stuðning frá skákfélaginu Hróknum, dags. 11. júní 2014.
Fyrir liggur beiðni um stuðning við starf Hróksins í þágu barna og ungmenna á Grænlandi og Íslandi.
Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu að þessu sinni.
7. Ósk um umsögn vegna umsóknar um sameiningu jarða frá Þórarni Kristinssyni, dags. 8. júlí 2014.
Þórarni óskar eftir að sameina landspilduna Tunga- land, landnr. 221412 jörðinni Tunga/Tungulækur landnr. 215746.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við sameiningu jarðanna en tekur ekki afstöðu til landamerkja við aðliggjandi jarðir.
8. Ósk um umsögn vegna stofnunar tveggja lögbýla frá Þórarni Kristinssyni, dags. 8. júlí 2014.
Þórarni óskar eftir að jarðirnar Tunga/Tungulækur landnr. 215746 og Tunga/Tungulax landnr. 163641 verði skráðar sem lögbýli.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við lögbýlisskráningu jarðanna.
9. Beiðni um umsögn vegna fyrirhugaðra leyfisveitinga, frá sýslumanni í Vík, dags. 26. júní 2014.
Eva Björk lýsir vanhæfi og vikur af fundi.
Guðmundur Ingi varaoddviti tók við stjórn fundarins.

Óskað er umsagnar vegna útgáfu nýs rekstrarleyfis til:

Size umboðs- og heildverslun ehf., kt. 500500-2040, til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús, að Hrífunesi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna.

Tröllhamar ehf., kt. 460505-1430, nýtt leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, smáhýsi fyrir svefnpokapláss, að Kirkjubæ II.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna.

Sótt er um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir:

Ferðaþjónustuna Efri-Vík ehf., kt. 631078-0799, endurnýjun á leyfi til reksturs gistingar í flokki V, Hótel, að Efri-Vík.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna.

Look North ehf., kt. 110809-0540, endurnýjun á leyfi til reksturs gististaðar í flokki III, gistiheimili og heimagisting, að Hrífunesvegi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna.



Eva Björk kemur aftur til fundar og tekur við stjórn hans.

10. Ákvörðun daggjalda á afrétti 2014.

Sveitarstjórn samþykkir að daggjöld á afrétti verði óbreytt frá síðasta ári, framreiknuð samkvæmt vísitölu neysluverðs í júní 2014. Daggjöld 2013 voru 13.077 kr. og vísitala í júlí 2013 412,4 stig, vísitala í júní 2014 var 422,8 stig og verða daggjöld því 13.407 kr. árið 2014.

11. Skýrsla kjörstjórnar Skaftárhrepps vegna sveitarstjórnakosninga 31. maí 2014.

Á kjörskrá við sveitarstjórnakosningar í Skaftárhreppi árið 2014 voru 366 atkvæði greiddu 315 manns, 166 konur og 149 karlar. Kjörsókn 86,07%.

D listi, sjálfstæðismanna hlaut 106 atkvæði, 33,65%. Ó listi, óháðra hlaut 136 atkvæði, 43,17%.

Z listi, sól í Skaftárhreppi hlaut 62 atkvæði, 19,68%. Auðir seðlar voru 8 og ógildir 3.

Samkvæmt þessu eru aðalmenn sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

1. Guðmundur Ingi Ingason Ó lista
2. Eva Björk Harðardóttir D lista
3. Jóhannes Gissurason Ó lista
4. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Z lista
5. Bjarki V. Guðnason D lista.

Varamenn eru:

1. Sverrir Gíslason Ó lista
2. Eyrún Elvarsdóttir D lista
3. Auður Eypórsdóttir Ó lista
4. Jóna Björk Jónsdóttir Z lista
5. Bjarni Bjarnason D lista

Sveitarstjórn staðfestir móttöku skýrslunnar og þakkar formanni, nefndarmönnum og starfsfólki við kosningarnar fyrir vel unnin störf.

12. Staða fjármála Skaftárhrepps – 4ra mánaða staða.

Fyrir liggur yfirlit um rekstrarstöðu sveitarfélagsins janúar – apríl 2014.

Rekstur sveitarfélagsins er skv. fjárhagsáætlun.

13. Samningur 2014-2016 við Umhverfisstofnun um refaveiðar.

Fyrir liggur samningur um endurgreiðslu til sveitarfélaga vegna refaveiða 2014 – 2016.

Skv. samningnum greiðir Umhverfisstofnun að hámarki 1/3 af kostnaði við refaveiðar miðað við framlagða reikninga, þó að hámarki 514.800 á ári, árin 2014, 2015 og 2016.

Samningsfjárhæðin miðar við að framlag ríkisins í fjárlögum sé hið sama á hverju ári þessi þrjú ár.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að ganga frá honum.

14. Umsókn frá Landgræðslunni um framkvæmdaleyfi fyrir viðhaldi á varnargörðum við Skálm, 9.júlí.2014.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi, yfirlitskort er sýnir flóðahættu og 2 bls. með



Skaftárhreppur

grunnkortum er sýna framkvæmd við lagningu grjótkápu á görðunum.

Sveitarstjórn samþykkir veitingu framkvæmdaleyfisins. Fulltrúa skipulags- og byggingamála falið að ljúka málinu.

15. Skólaakstur Kirkjubæjarskóla.

Sveitarstjóra falið að ganga til samninga til þriggja ára við núverandi skólabílstjóra á sömu forsendum og verið hefur undanfarin misseri. Taka þarf tillit til breytinga á búsetu innan sveitarfélagsins sem og breytinga á vísitölu.

16. Tilnefning í nefndir.

Framhald af síðasta fundi.

Rannveig Bjarnadóttir hefur sagt sig frá menningarmálanefnd sem og stjórn Tungusels.

Í hennar stað er Eyrún Elvarsdóttir D- lista fulltrúi í menningarmálanefnd og Bjarki V. Guðnason D- lista í stjórn Tungusels.

Rannveigu færðar þakkir fyrir óeigingjarnt starf í menningarmálanefnd á undanförunum árum.

Rekstrarnefnd Klausturhóla:

Einar Bárðarson, Elín Heiða Valsdóttir og Kjartan Magnússon.

Sveitarstjóra falið að kalla nefndina saman til fyrsta fundar.

Nefndarmenn skipti með sér verkum.

Fjarskiptahópur, um lagningu fjarskipta- og rafmagnstenginga:

Eva Björk, Heiða Guðný og Jóhannes.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 103. fundur skipulags- og bygginganefndar, 8. júlí 2014.

Skipulagsmál:

7. Orustustaðir – aðalskipulagsbreyting – *afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

8. Skaftárvellir – deiliskipulag – *afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

9. Eldhraun – óveruleg breyting deiliskipulags– *afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

10. Langisjór – stofnun lóðar – *afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

Fundargerðin í heild samþykkt.

Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að senda deiliskipulag Skaftárvalla til samþykktar Skipulagsstofnunar samkv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og birta svo í B-deild Stjórnartíðinda.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 16. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 23. júní 2014.

- *Fundargerðin kynnt.*

2. 11. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs, 23. maí 2014. - *Fundargerðin kynnt.*

3. 157. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 10. júní 2014. - *Fundargerðin kynnt.*



4. 480. fundur stjórnar SASS, 4. júní 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
5. 481. fundur stjórnar SASS, 2. júlí 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
6. Aukaaðalfundur SASS, 2. júlí 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
7. 817. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27. júní 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
8. Fundur í stjórn/aðalfundur Skógasafns, 5. júní 2014. - *Fundargerðin kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. Viðtalstími oddvita.
Oddviti áætlað að vera með viðtalstíma á skrifstofu Skaftárhrepps á miðvikudögum kl. 10:00-12:00.
2. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 12. júní 2014 – *kynnt.*
3. Upplýsingar frá Þjóðskrá um fasteignamat 2015 – *kynnt.*
4. Bréf innanríkisráðuneytisins um viðauka við fjárhagsáætlanir, dags. 18. júní 2014 – *kynnt.*
5. Boð KPMG um námskeið um fjármál og ársreikninga sveitarfélaga, 4. júlí 2014.
Ákveðið að þiggja boð KPMG um námskeið í haust.
6. Ályktanir 15. þings Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna – *kynnt.*

Taka þarf til endurskoðunar málefni slökkviliðs Skaftárhrepps og skoða samstarf við aðra viðbragðsaðila sérstaklega með tilliti til vegalengda innan sveitarfélagsins. Ákveðið að kalla til samstarfsfundar í haust.

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 15:40.

Sveitarstjórn áformar að taka sumarfrí í ágúst og verður því næsti fundur boðaður með dagskrá þriðjudaginn 9. september 2014 kl. 13:00.

Eva Björk Harðardóttir.

Bjarki V. Guðnason.

Guðmundur Ingi Ingason.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

Jóhannes Gissurarson.